

Hverfisráð Árbæjar

Ár 2018, þriðjudaginn 6. febrúar var haldinn 142. fundur hverfisráðs Árbæjar. Fundurinn var haldinn í frístundamiðstöðinni Árseli og hófst hann kl. 16.15. Viðstödd voru: Þorkell Heiðarsson, Hildur Hrönn Oddsdóttir, Þráinn Árni Baldvinsson og Alda Magnúsdóttir. Einnig voru viðstödd: Hörður Gunnarsson áheyrnarfulltrúi Framsóknar og flugvallavina, Arna Hrönn Áradóttir fulltrúi íbúasamtaka Norðlingaholts, Elvar Örn Þórisson fulltrúi íbúasamtaka Árbæjar og Sólveig Reynisdóttir framkvæmdastjóri ÞÁG. Fundarritari var Trausti Jónsson verkefnastjóri ÞÁG.

Þetta gerðist:

1. Fram fer kynning á frístundamiðstöðinni Árseli.
Jóhannes Guðlaugsson framkvæmdastjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.
2. Fram fer umræða á verkefninu „Hverfið mitt“
Bragi Bergsson, verkefnisstjóri á umhverfis- og skipulagssviði, tekur sæti á fundinum undir þessum lið.
3. Lögð fram til kynningar útskrift úr gerðabók umhverfis- og skipulagsráðs, dags. 17. janúar 2018, um breytingu á deiliskipulagi fyrir Fákssvæðið í Víðidal, C tröð 1.
4. Lögð fram til kynningar útskrift úr gerðabók umhverfis- og skipulagsráðs, dags. 5. desember. 2017, varðandi umsókn um breytt deiliskipulag lóðar Hólmsheiðarvegi 151.
5. Lögð fram til kynningar útskrift úr gerðabók umhverfis- og skipulagsráðs dags. 5. desember 2017, með umsókn um breytt deiliskipulag lóðar við Lyngháls 7.
6. Lögð fram til kynningar útskrift úr gerðabók umhverfis- og skipulagsráðs varðandi umsókn um breytt deiliskipulag lóðar við Lyngháls 10.
7. Lagt fram bréf stjórnkerfi- og lýðræðisráðs, dags. 29. nóvember 2017, með beiðni um umsögn við drögum að lýðræðisstefnu Reykjavíkurborgar.
8. Lögð er fram til kynningar útskrift úr gerðabók umhverfis- og skipulagsráðs dags. 22. nóvember 2018, varðandi umsókn um breytt deiliskipulag lóðar Hólmsheiðarvegi 151.
9. Lögð fram til umsagnar drög að úthlutunarreglum hverfissjóðs Reykjavíkur.
Hverfisráð leggur fram svohljóðandi bókun.
Hverfisráð fagnar framkomnum drögum að úthlutunarreglum um Hverfasjóð og gerir ekki efnislegar athugasemdir við drögin en gerir tillögu að breyttu orðalagi.
10. Lögð eru fram drög að breyttu aðalskipulagi Reykjavíkur 2010 – 2030.
11. Lagt er fram erindi frá íbúasamtökum Norðlingaholts, dags. 6. febrúar 2018, varðandi öryggi barna í hverfinu.
Samþykkt að óska eftir því að samgöngustjóri mæti á næsta fund hverfisráðs Árbæjar.

Fundi slitið kl. 17.30

Þorkell Heiðarsson

Hildur Hrönn Oddsdóttir
Alda Magnúsdóttir

Þráinn Árni Baldvinsson